

Samþykktir fyrir samráðshóp um málefni aldraðra í Bláskógabyggð

1. gr.

Samráðshópur um málefni aldraðra í Bláskógabyggð starfar í umboði sveitarstjórnar Bláskógabyggðar með þeim hætti sem kveðið er á um í samþykktum þessum.

2. gr.

Samráðshópurinn skal vera sveitarstjórn og nefndum Bláskógabyggðar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni sem varða íbúa sveitarfélagsins 67 ára og eldri, svo sem þónustu, aðstöðu til félagsstarfs og fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar eldri borgara.

Samráðshópurinn getur beint tillögum og ályktunum til sveitarstjórnar og nefnda. Samráðshópurinn er ekki framkvæmdaaðili.

3. gr.

Meginmarkmið með samráðshópnum er að félög eldri borgara í Bláskógabyggð hafi formlegan viðuræðuvettvang við sveitarstjórn um hagsmunamál sín.

Samráðshópurinn stuðlar að skoðanaskiptum eldri borgara og kjörinna fulltrúa um stefnu og framkvæmd málefna eldri borgara í Bláskógabyggð.

Samráðshópurinn beitir sér fyrir aðgengi og aðstöðu sem stuðlar að heilbrigðri öldrun, félagslegri vellíðan og sjálfstæðu lífi í heilsuefandi samfélagi.

Samráðshópurinn leitast við að tryggja að aldraðir fái sem besta þjónustu.

4. gr.

Samráðshópurinn er skipaður fimm fulltrúum. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara. Félag eldri borgara í Biskupstungum tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara.

Félagsskapurinn 60+ á Laugarvatni tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara

Samráðshópurinn kýs sér formann og varaformann úr hópi fulltrúa félaga eldri borgara og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og sveitarstjórnar. Fulltrúar í samráðshópnum fá greitt fyrir fundarsetu með sama hætti og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

5. gr.

Samráðshópurinn skal funda eftir þörfum, ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Samráðshópurinn skal að auki funda einu sinni á ári með sveitarstjórn.

Formaður boðar til fundar og stýrir fundum samráðshópsins. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Boða skal til fundar er meirihluti ráðsmanna fer fram á slíkt.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Bláskógabyggðar eftir því sem við á.

Sveitarstjóri hefur seturétt á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Fundi skal að jafnaði halda fyrir luktum dyrum. Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu um málefni sem leynt skulu fara skv. eðli máls og meginreglum laga. Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á lokuðum fundum.

Fundargerðir samráðshópsins skulu vera skriflegar.

7. gr.

Skipan samráðshóps um málefni aldraðra byggir á 10. tl. A-liðar 41. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Bláskógabyggðar nr. 800/2019.

Samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 23. janúar 2020.

Ásta Stefánsdóttir
sveitarstjóri